



HVERNIG KJÓSANDI ERT ÞÚ?

1. Konur eiga að vera a.m.k. helmingur þeirra sem sitja á Alþingi.
2. Lágmarkslaun sem duga til framfærslu eiga að vera lögbundin.
3. Skattaálgögr á láglaun og meðallaun eru of miklar.
4. Fjölga þarf skattþrúpum þannig að hálaunafólk borgi hlutfallslega meira.
5. Börn og aldraðir búa við öryggisleysi sem þarf að bæta úr.
6. Þjóðarheimilið er illa rekið. Við þurfum að fara betur með almannafé.
7. Fólki á að standa til boða öruggt leiguhúsnaði á viðráðanlegu verði.
8. Gæði lands og sjávar eru höfuðstóll sem ekki má rýra. Lifum af vöxtunum.
9. Endalok kalda stríðsins í Evrópu hafa í för með sér að Íslendingar geta að nýju tekið upp hlutleysisstefnuna frá 1918.
10. Íslendingar eiga ekki að ganga í Evrópubandalagið.
11. Álver leysir ekki vanda Íslendinga í atvinnumálum. Þar þurfa aðrar lausnir að koma til.

Hve oft ertu: sammála _____ ósammála _____ hlutlaus _____?

TELJIÐ STIGIN:

Sammála 7 sinnum eða oftar :

Þú átt greinilega samleið með Kvemnalistanum Má bjóða þér í dans?

Sammála 6 sinnum eða sjaldnar :

Þú þarft að athuga málið aðeins betur. Það eru margir dansar eftir enn. Líka vangadansinn.

Ósammála 7 sinnum eða oftar:

Þú átt samleið með gömlu flokkunum. Ertu á réttu balli?

Ósammála 6 sinnum eða sjaldnar:

Þú ættir að hugsa málið betur. Enn er tími fyrir dömufrí!

Hlutlaus 5 sinnum eða oftar:

Það er tímabært að taka afstöðu. Það þýðir ekki að sitja á bekknum í allt kvöld. Drífðu þig út á gólfið!

Endurnúninginn pappir



xV

1991



NÚ ER DÖMUFRÍ -

ÞITT ER AÐ VELJA



**Kvemna
listinn**